



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Deildarstjóri samgangna

Reykjavík, 14. ágúst 2025

USK25080133

TILLAGA

Breyting á gatnamótum Lækjargötu og Vonarstrætis

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna breytinga á fyrirkomulagi á gatnamótum Lækjargötu og Vonarstrætis.

Greinargerð:

Þann 13. september 2023 varð umferðarslys á gatnamótum Lækjargötu og Vonarstrætis með þeim afleiðingum að annar bílstjórinn lét lífið. Í kjölfarið vann Rannsóknarnefnd samgönguslysa greiningu á aðstæðum og gaf út þrjár tillögur í öryggisátt, þar af eina tillögu til Reykjavíkur, um öryggisúttekt á gatnamótunum.

Í samræmi við þá tillögu voru fengnir óháðir sérfræðingar frá VSÓ og COWI til að vinna 4. stigs umferðaröryggisrýni á gatnamótunum, þ.e. úttekt sem gerð er á mannvirki sem hefur verið í notkun í nokkur ár eða lengri tíma. Meðal meginniðurstæða 4. stigs umferðaröryggisrýni voru að hættuástand myndast bæði þegar gangandi þverar Lækjargötu, þar sem þvera þarf fleiri en eina akrein í hvora átt og einnig þegar ökutæki er ekið austur Vonarstræti, inn á gatnamót við Lækjargötu með fyrirhugaða akstursstefnu til norðurs á Lækjargötu. Þetta á sér í lagi við ef stærra ökutæki er á hægri akrein Lækjargötu til suðurs með fyrirhugaða akstursstefnu til vesturs inn á Vonarstræti. Hættan felst í því að bílstjóri á leið austur Vonarstræti getur ekki séð ökutæki á vinstri akrein Lækjargötu til suðurs. Umfram það getur einnig myndast hættuástand ef ökutæki er ekið austur Vonarstræti, inn í gatnamótin við Lækjargötu og með fyrirhugaða akstursstefnu austur Bókhöfðustíg, þar sem þvera þarf einnig tvær akreinar á Lækjargötu til norðurs.

Rýnar mæltu með að umferð um gatnamótin verði stýrt með umferðarljósum, og stendur til að sú breyting verði gerð samhliða breytingum á Lækjargötu með tilkomu Borgarlínu. Áætlað er að framkvæmdir Borgarlínu á Lækjargötu hefjist um mitt ár 2027 m.v. upplýsingar úr umhverfismatsskýrslu 1. lotu Borgarlínu.

Þar sem enn eru um 2 ár þar til framkvæmdir Borgarlínu á Lækjargötu hefjast, er lagt til að farið verði í minniháttar breytingar við gatnamótin, akreinum fækkað á Lækjargötu til suðurs úr tveimur í eina, norðan við gatnamótin; breyta fyrirkomulagi akreina til norðurs, sunnan við gatnamótin, þannig að vinstri akrein verði vinstribeyggjuakrein og hægri akrein verði ein beint áfram; stytta núverandi hópþreifðastæði og afmarka göngupverun yfir Lækjargötu, norðanmegin í gatnamótunum. Gert er ráð fyrir að breytingarnar séu gerðar með pollum og yfirborðsmerkingum og kostnaði og raski þannig haldið í lágmarki, líklegast um eða undir 10 milljónir með öllu.



Með þessum breytingum má koma í veg fyrir þær tegundir slysa sem niðurstöður 4. stigs umhverfismats gáfu til kynna að væru líklegastar til að valda slysum með alvarlegum meiðslum. Gerð verði göngupverun yfir Lækjargötu, þar sem ein akrein er þveruð í einu og þar sem bílaumferð úr Vonarstræti þarf einungis að þvera eina akrein á Lækjargötu í hvora átt. Benda má á að sunnan við gatnamótin er í dag ein akrein í hvora átt á Lækjargötu/Fríkirkjuvegi og með tilkomu Borgarlínu stendur til að ein akrein verði í hvora átt fyrir bílaumferð.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deild samgangna

Hjálagt: Teikningar sem sýnir tillögu að breytingum.
Hjálagt: 4.stigs rýni gatnamóta Lækjargötu og Vonarstrætis

Umferðaröryggisrýni (e. RSA)

Lækjargata - Vonarstræti

4. stigs umferðaröryggisrýni

Reykjavíkurborg

Mars, 2025



Reykjavík

Efnisyfirlit

1.	ALMENNT	3
2.	VEG-/ GATNA-/ STÍGTEGUND, UMFERÐ, FARARMÁTAR OG HRAÐI	4
3.	NÚVERANDI ÁSTAND	4
4.	SLYS OG SLYSATÖLUR	9
5.	TILLÖGUR AÐ BÆTTU UMFERÐARÖRYGGI	10
6.	AÐRAR ATHUGASEMDIR	12
7.	NIÐURSTÖÐUR	13


1. Almennt

Verkefnið felst í umferðaröryggisrýni á gatnamótunum Lækjargötu og Vonarstrætis í Reykjavík, sem viðbrögð við banaslysi sem átti sér stað þar árið 2023.

Í samantekt frá Rannsóknarnefnd samgönguslysa varðandi slysið kemur eftirfarandi fram „Þann 13. september 2023 var Volkswagen Caddy sendibifreið ekið af stað á gatnamótum til vinstri frá Vonarstræti inn á Lækjargötu. Í Lækjargötu var strætisvagn á hægri akrein að taka hægri beygju inn í Vonarstræti. Vinstra megin við strætisvagninn og samhliða honum var Manitou skotbómuvinnuvél, með áföstum lyftaragöfflum, ekið beint áfram. Var sendibifreiðinni ekið þvert í veg fyrir vinnuvélina með þeim afleiðingum að lyftaragöfflarnir gengu inn í farþegarými sendibifreiðarinnar. Ökumaður sendibifreiðarinnar lést á slysstað.“

Umrædd gatnamót má sjá á mynd hér að neðan. Miklar framkvæmdir hafa verið á horni Lækjargötu og Vonarstrætis og hófust framkvæmdir á horninu árið 2017 þar sem gata var þrengd vegna framkvæmda. Lokið var við frágang vorið 2023 og var gert ráð fyrir að umferðarljós yrðu sett upp á gatnamótunum en það átti að koma þeim upp samhliða frágangi en það náðist ekki vegna kærumála.

Mynd 1 sýnir loftmynd af gatnamótunum sem um er rætt.



Mynd 1: Yfirlitsmynd af gatnamótum Lækjargötu og Vonarstrætis.

Í umferðaröryggishópnum voru Jakob Jóhann Sveinsson, verkfræðingur hjá VSÓ Ráðgjöf, og Hörður Bjarnason, verkfræðingur hjá COWI.

Rýnar vilja taka fram að það er ekki verkefni umferðaröryggisrýna að hanna nákvæma lausn við hvert og eitt öryggisatriði heldur er tilgangurinn með lausninni að benda á mögulegar úrbætur eða hvernig hægt sé að leysa öryggisatriðið án þess að koma með nákvæma útfærslu.

Umferðaröryggisrýni byggist á kerfisbundinni aðferðarfræði sem hefur það að markmiði að mannvirki verði eins öruggt og kostur er. Rýnihópur samanstendur af hópi vottaðra umferðaröryggisrýna sem hafa ekki haft neina aðkomu að verkinu og byggja niðurstöður á þeim upplýsingum sem lagðar eru fram til rýni. Tillögur að úrbótum eða lausnum sem kunna að vera gerðar í niðurstöðum rýni eru ekki bindandi og getur verið að aðrar lausnir séu jafn góðar eða jafnvel betri m.t.t. aðstæðna hverju sinni. Rýnar bera ekki í neinum tilvikum ábyrgð á tjóni sem kann að hljóta beint eða óbeint í tengslum við hina rýndu framkvæmd.

Horft er til eftirfarandi þátta í þessari umferðaröryggisrýni:

- Lækjargata 10-12 Teiknisett, mars 2022.
- Skoðun umferðaröryggis í ljósi raunverulegrar hegðunar vegfarenda.
- Skýrsla um banaslys í umferðinni. Rannsóknarnefnd samgönguslysa, sept. 2023.
- Upplýsingar um slys sem orðið eftir opnun mannvirkis.

2. Veg-/ gatna-/ stígtegund, umferð, fararmátar og hraði

Götuflókkur, skiltaður hámarkshraði og ÁDU skv. Borgarvefsjá er eftirfarandi:

	Götuflókkur	Hámarkshraði [km/klst.]	ÁDU [ökutæki/klst.]
Lækjargata til suðurs	Stofnbraut	30	3.198
Lækjargata til norðurs	Stofnbraut	30	4.405
Vonarstræti	Aðrar götur	30	3.959

3. Núverandi ástand

Farin var ein vettvangsferð 17. febrúar 2025 eftir hádegi. Veður var þurrt, bjart, snjóleysi en nokkuð kalt og rok. Rýnar voru á vettvangi í um 30 mín og voru aðstæður skoðaðar og í framhaldi mótaðar tillögur að bættu umferðaröryggi um gatnamótin. Rýnar tóku eftir að talsverð umferð er um gatnamótin, bæði almenn umferð sem og umferð stærri ökutækja líkt og strætóar og rútur. Að auki er fjöldi erlendra ferðamanna á bílaleigubílum sem eru ókunnugir staðháttum. Mikið er um óvarða vegfarendur sem ganga yfir Vonarstræti meðfram Lækjargötu og einnig þvert yfir Lækjargötu við gatnamótin þar sem rútustæði er austan við gatnamótin. Hafa þarf þó í huga að umferð óvarðra vegfarenda er enn þá meiri að sumri til. Fléttun akreina á sér svo stað til suðurs stuttu eftir gatnamótin rétt fyrir göngubverun yfir Lækjargötu.


Hér að neðan er tekið á helstu öryggisþáttum sem rýnar sáu við gatnamótin í vettvangsferðinni.

1 Sjónlengdir og hægrí beygjur


Sjónlengdir ökumanna á Vonarstræti eru slæmar, sérstaklega yfir á vinstri akrein Lækjargötu til suðurs þegar stærri ökutæki aka á hægrí akrein. Einnig eru sjónlengdir ökumanna á stærri ökutækjum erfiðar og oft erfitt að greina óvarða vegfarendur sem þvera götur meðfram akstursleið ökutækis.

Stærri ökutæki eiga einnig erfitt með að taka hægri beygju inn Vonarstræti ef ökutæki eru á biðskyldu í Vonarstræti.


Rýnar tóku eftir því að við þær aðstæður þá bíða stærri ökutæki í Lækjargötu þangað til ökutæki í Vonarstræti hefur farið út í Lækjargötuna (sjá mynd 2,3 og 4). Ökumenn frá Vonarstræti fara þá yfir Lækjargötuna án þess að vera með sýn á ökutæki á vinstri akrein Lækjargötu til suðurs. Sjá mynd 5 og mynd 6, en á mynd 6 má sérstaklega sjá hvernig stærra ökutæki á Lækjargötu hindrar sýn ökumanns á Vonarstræti.



Mynd 2,3 og 4: Stærri ökutæki bíður eftir að geta beygt inn Vonarstræti og hleypir umferð út í Lækjargötu




Mynd 5: Sjónþríhyrningur um gatnamótin frá Vonarstræti.



Mynd 6: Sjónþríhyrningur sem sýnir stærra ökutæki beygja frá Lækjargötu inn á Vonarstræti.

Mynd 7 hér að neðan sýnir síðan sjónpríhyrninga milli ökutækis á Vonarstræti og gangandi/hjólandi umferðar meðfram Lækjargötu (g.r.f. 25 m stöðvunarvegalengd hjólandi). Hér sést að byggingar á horni Vonarstrætis og Lækjargötu (sér í lagi á S-V horni) eru vel fyrir innan bláa svæðis og sjónlengdir því ófullnægjandi, sjá 7 og 8.



Mynd 7: Sjónpríhyrningar milli ökutækis á Vonarstræti og gangandi/hjólandi umferðar meðfram Lækjargötu.



Mynd 8: Sjónsvið ökumanns í ökutæki frá Vonarstræti að Lækjargötu.

2 Fléttun akreina og vinstri beygjur

Bæði norðan og sunna við gatnamótin taka við fléttun akreina, sjá skýringar á mynd 9.

Ef ekið er norður Fríkirkjuveg/Lækjargötu er ein akrein sunnan við gatnamótin en breikkar í tvær akreinar rétt fyrir gatnamótin og er þannig fram að Skólalbrú þegar gatan er aftur ein akrein með strætóakrein til hliðar. Við gatnamót Vonarstrætis og Skólalbrú er vinstri akreinin nýtt fyrir vinstri beygu yfir Lækjargötu.

Þegar ekið er til suður er Lækjargata ein akrein frá Hverfisgötu að Austurstræti, með strætóakrein til hliðar. Við Austurstræti verður Lækjargata að tveimur akreinum fram yfir gatnamótin við Vonarstræti þegar hún er þrengt í eina akrein rétt fyrir gönguþverun til móts við Fríkirkjuveg.



Mynd 9: Skipulag núverandi Lækjargötu. Ýmist er gatan 2+2, 2+1 eða 1+1 akreinar.

3 Óvarðir vegfarendur

Mikið er um gangandi vegfarendur á svæðinu sem þvera Lækjargötu við Vonarstræti þrátt fyrir að engin sé gönguþverun enda er rútubiðstöð austan gatnamótanna við Vonarstræti. Á þeim tíma sem rýnar voru á staðnum gerðist það reglulega að vegfarendur gengu yfir Lækjargötu við gatnamótin og í eitt skiptið stoppaði rúta vestan megin gatnamótanna til að hleypa farþegum inn (sjá mynd 10 og 11 hér að neðan).




Mynd 10 og 11: Gangandi þvera Lækjargötu við Vonarstræti.

Einnig er mikið um vegfarendur sem ganga meðfram Lækjargötu yfir Vonarstræti frá og að Tjörninni í Reykjavík.

4. Slys og slysatölur

Í umfjöllun um umferðaröryggi er tilvikum almennt skipt upp í fjóra flokka; banaslys, alvarleg slys, slys með litlum meiðslum og óhöpp án meiðsla. Með óhappi er átt við tilvik þar sem einungis hefur orðið eignatjón, einnig nefnt slys án meiðsla. Slys á við tilvik þar sem tjón hefur orðið á fólki. Banaslys eru skilgreind sem þau slys í umferð sem hefur leitt til andláts innan 30 daga frá slysi. Hér verður tilvik notað fyrir öll slys og óhöpp. Í skilgreiningu á slysatíðni vega er notast við öll skráð tilvik.

Verður hér að neðan gerð grein fyrir tilvikaskráningu skráðra slysa frá 01.01.2023 til og með 31.12.2023 úr slysakorti Samgöngustofu eftir að gatan var opnuð aftur fyrir umferð eftir framkvæmdir á horni Lækjargötu og Vonarstrætis. Tekið skal fram að skráning á slysum þar sem orðið hafa minniháttar meiðsl sem og á óhöppum er ekki með öllu áreiðanleg þar sem oft er ekki tilkynnt um slík slys og óhöpp.



Mynd 12: Kort sem sýnir slys á horni Lækjargötu og Vonarstrætis 2023.

Á tímabilinu 01.01.2023 – 31.12.2023 voru skráð 7 tilvik á umræddum vegarköflum. Af þeim eru 1 slys þar sem dauðaslys var, 1 slys með minniháttar meiðslum og 5 óhöpp (slys án meiðsla). Sjá Tafla 1.

Tafla 1: Fjöldi slysa við gatnamót Lækjargötu og Vonarstrætis 2023.

Tegund	Fjöldi	Látinn	Alvarleg meiðsl	Minnháttar meiðsl	Óhöpp án meiðsla
Vinstri beygja. Ekki að bíl sem kemur frá vinstri	1	1			
Ekið á ljósastaur hægra megin	1				1
Skipt um akrein til hægri (árekstur)	3				3
Skipt um akrein til vinstri (árekstur)	1				1
Fall af reiðhjóli	1			1	
Heild	7	1		1	5


5. Tillögur að bættu umferðaröryggi

Öryggisrýnar benda á að öruggast væri að setja umferðarljós eins og hönnun gerði ráð fyrir árið 2022 en ef ekki er hægt að setja þau upp þá væri hægt að skoða til bráðabirgða að breyta stefnugreiningu í gatnamótunum og fækka akreinum. Ef ekki er hægt að fækka akreinum, þá reyna að beina gangandi/ferðamönnum eitthvað annað, mögulega með uppsetningu girðinga.


Mynd 13 sýnir tillögu rýna að breytingu akreina við gatnamótin. Tillagan gerir ráð fyrir að sameina akreinar í eina akrein til suðurs áður en að gatnamótunum kemur með yfirborðsmerkingum og skiltun. Í dag sameinast tvær akreinar í eina sunnan við gatnamótin rétt áður en gönguverun tekur við. Tillagan gerir ráð fyrir að fléttun akreina verði tekin norðan við gatnamót Vonarstrætis og Lækjargötu í stað þess að vera tekin sunnan við gatnamótin eins og gert er í dag.

Þessi tillaga gefur betri svigrúm fyrir ökutæki í hægri beygju frá Lækjargötu að Vonarstræti. Dregur úr hraða við gatnamótin og ökutæki frá Vonarstræti þurfa eingöngu að þvera eina akrein þegar ekið er að Lækjargötu til norðurs. Má líka skoða að setja þverun yfir götuna þar sem gert er ráð fyrir þverun vegna umferðarljósa og taka eitt hlið úr girðingu í miðeyju. Gangandi þvera því eingöngu eina akrein í einu eins og sjá má á mynd 13 og 14.

Akreinum á Lækjargötu á leið norður verður fækkað úr tveimur í eina á litlu svæði norðan við gatnamótin og akrein sunnan við þau gerð að beygjuakrein. Þetta hjálpar einnig ökutækjum sem eru að beygja upp Bókhöfðustíg og gerir það að verkum að þau þvera eingöngu eina akrein yfir Lækjargötu. Vinstri akrein á Lækjargötu til norðurs verða því eingöngu vinstri beygjur fram að Skólalabru



Mynd 13: Tillaga að yfirborðsmerkingum við gatnamót Lækjargötu og Vonarstrætis.



Mynd 14: Tillaga að þverun yfir Lækjargötu við gatnamót Lækjargötu og Vonarstrætis.




Mynd 15: Plaststaurar til bráðabirgða við þveranir.

6. Aðrar athugasemdir

Eftirfarandi athugasemdir vill rýnihópur koma á framfæri:

- Afvötnun á svæðinu var ekki skoðuð sérstaklega.
- Aðgengi fyrir alla var ófullnægjandi. Vissulega er búið að koma fyrir merkingum (leiðarlínum og áherslusvæðum) á NV horni gatnamótanna en þær miða við uppsetningu ljósa á svæðinu og því er t.d. sjónskertum beint út á Lækjargötu við varhugaverðar aðstæður (sjá mynd hér að neðan, á þessum stað hefur reyndar verið sett upp steipt vörn sem kemur að einhverju leiti í veg fyrir þessa þverun). Á öðrum svæðum við gatnamótin hafa ekki verið settar upp leiðarlínur og áherslusvæði.



Mynd 16: Leiðarlínur og viðvörunarhellur leiða sjónskerta yfir Lækjargötu

- Forgangsakstur viðbragðsaðila er einnig varhugaverður um svæðið eins og aðstæður eru í dag. Rétt eins og með umferð strætó eru hægri beygjur frá Lækjargötu inn Vonarstræti afar erfiðar og varhugaverðar fyrir stærri ökutæki viðbragðsaðila og því gæti hættu skapast við vissar aðstæður og dýrmætur viðbragðstími tapast.
- Rýnar skoðuðu ekki lýsingu sérstaklega né fóru að kvöldi til en rýnar velta fyrir sér hvort lýsing sé uppfyllt á svæðinu. Litlir ljósastaurar (Louis Poulsen) eru í miðju og vestan megin í Lækjargötu við gatnamótin. Lítil staur er í Vonarstræti en tveir stærri í Lækjargötu til suðurs. Lýsing gæti því verið ófullnægjandi á kvöldin á svæðinu.
- Við enda Vonarstrætis er umferðarmerki sem gefur til kynna að svæði með hámarkshraða 30 km/klst. sé lokið, sem er ekki rétt þar sem Lækjargata er einnig skiltuð með hámarkshraða 30km/klst.




Mynd 17: Skilti í Vonarstræti sem gefur til kynna að svæði með 30 km/klst sé lokið

7. Niðurstöður

Eftirfarandi athugasemdir vill rýnihópur taka sérstaklega fram:

- Rýnar leggja til að ljósastýring gatnamótanna verði sett upp.
- Stærri ökutæki eiga erfitt með að taka hægri beygju frá Lækjargötu að Vonarstræti nema að fara yfir á „öfugan“ vegarhelming í Vonarstræti. Ökumenn stærra ökutækja hleypa því ökumönnum í Vonarstræti út í Lækjargötu en stærri ökutækin birgja um leið sýn ökumanna á vinstri akrein Lækjargötu til suðurs. Því leggur rýnihópur til að fléttun akreina verði gerð áður en að gatnamótunum kemur.
- Rýnar benda á að tryggja þarf þverun óvarðra vegfarenda bæði yfir Lækjargötu og Vonarstræti. Sjónlengdir eru ófullnægjandi og þverun Lækjargötu yfir fjórar akreinar er afar varhugaverð. Engin þverun er yfir Lækjargötu á þessu svæði en rýnar sáu fjölmarga vegfarendur þvera Lækjargötu á þeim tíma sem þeir voru á svæðinu. Leggja því rýnar til að skoðuð verður uppsetning á öruggri þverun óvarinna yfir Lækjargötu við gatnamótin eða að aðrar leiðir um svæðið verði gerðar aðgengilegri og öruggari.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,



Jakob Jóhann Sveinsson, VSÓ Ráðgjöf
Vottaður umferðaröryggisrýnir



Hörður Bjarnason, COWI
Vottaður umferðaröryggisrýnir